

59. gr.

87

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi fjallskilareglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu frá 23. júní 1896, og reglugjörð um viðauka við hana frá 22. ágúst-mánaðar 1913. 26. ág.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, og nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1914.

Í stjórnarráði Íslands, 26. ágúst 1914.

Sig. Eggerz

Jón Hermannsson.

Samþykkt

88

26. ág.

um kynbætur nautgripa í Grímsneshreppi í Árnessýslu.

Sýslunefndin í Árnessýslu hefir samkvæmt lögum 20. október 1905, um kynbætur nautgripa, gert eftirfarandi samþykkt um kynbætur nautgripa í Grímsneshreppi.

1. gr.

Í Grímsneshreppi skulu allir, er graðneyti eiga, sem eru 5 mánaða eða eldri, skyldir að geyma þau í gripaheldri girðingu, örugggu hliðarhafti, tjóðri, við innigjöf eða á annan hátt, sem hreppsnefnd Grímsneshrepps ákveður eða stjórn nautgriparæktunarfélags. Það skal vera jafn-óheimilt að láta graðneyti ganga laus í eigin landi sem annara.

2. gr.

Nú vanrækir einhver geymslu á graðneyti samkvæmt framangreindu og graðneyti finst í annars manns landi, og er þá ábúanda heimilt að „aftra því, að það geri skaða, t. d. með því að hýsa það, tjóðra eða því um líkt, og skal eigandi skyldur að borga allan kostnað, sem af því leiðir, enda sje eiganda gert aðvart um hindrun þess innan tveggja sólarhringa.

88

26. ág.

3. gr.

Nú hefir graðneyti sloppið úr geymslu og gert skaða á kúm áður en það var hindrað samkvæmt 2. gr., og er eiganda þá skylt að bæta þann skaða að fullu. Akvæði þetta gildir um öll graðneyti, sem hittast óhindruð á samþyktar-svæðinu; eins þótt eigandi sje búsettur utan þess.

4. gr.

Kostnað og skaðabætur samkvæmt 2. og 3. gr. skal greiða eftir mati tveggja óvilhallra manna, og nefna málsaðiljar sinn hvor. Komi málsaðiljar sjer ekki saman um kostnað og skaðabætur, kjósa þeir sjer oddamann. Geti málsaðiljar ekki komið sjer saman um útnefningu matsmanna, kveður sýslumaður mennina, ef annarhvor aðilja eða báðir fara þess á leit. Komi matsmenn sjer ekki saman um oddamann, er hreppstjóri Grímsneshrepps sjálfkjörinn oddamaður, sje hann ekki við málið riðinn; ella sje hann kvaddur af sýslumanni. Mat matsmanna er bindandi, og skal birt hlutaðeiganda tafarlaust. Kostnaður og skaðabætur falla í gjalddaga þann dag, sem úrskurður matsmanna er birtur hlutaðeiganda.

5. gr.

Graðneyti, sem valin eru til undaneldis, skulu vera hraust og þroskamikil og af hinu besta kyni, sem kostur er á. Sömu einkenni skulu og þær kýr hafa, sem undaneldisnaut eru valin undan. Fóðrun og hirðing kúa og nauta, sem ætluð eru til undaneldis (kynbótagripir), skal vanda sem allra best. Leita skulu menn álits eftirlitsmanns kynbótafjelags um val undaneldisnauta.

6. gr.

Samkvæmt samningi milli Jóhannesar bónda Einarssonar í Eyvík og hreppsnefndar Grímsneshrepps (og nokkurra bænda), dags. 31. des. 1912, er öllum búendum Grímsneshrepps vís aðgangur til hagbeitar í afgirtu nesi, sem liggur út í Hestvatn í landi jarðarinnar Eyvík, fyrir graðneyti þau, er þessi samþykt ræðir um.

7. gr.

Hreppsnefndin í Grímsneshreppi hefir eftirlit með, að samþykt þessari sje hlýtt. Þó getur hún falið það stjórn nautgriparæktunarfelags. Kostnaður sá, sem af eftirlitinu leiðir, greiðist af hreppssjóði eftir reikningi.

8. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum frá 5—50 kr., er renna í sjóð Grímsneshrepps.

9. gr.

Með brot gegn samþykt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. október 1914, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 88
26. ág.

Í stjórnarráði Íslands, 26. ágúst 1914.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

**um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir
kaupúnið Hellissand og sjóporpið Keflavík
í Snæfellsnessýslu.**

89
27. ág.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir kaupúnið Hellissand og sjóporpið Keflavík í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:

**Heilbrigðissamþykkt
fyrir kaupúnið Hellissand og sjóporpið Keflavík í Snæfellsnessýslu.**

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi gildir fyrir kaupúnið Hellissand og sjóporpið Keflavík með þeim takmörkum, sem nú eða síðar kunna að verða sett, ásamt bæjunum Stóru-Hellu, Litlu-Hellu og Hraunskarði, og hverju öðru byggðu bóli, sem síðar kann að vera sett upp með Höskuldsá.

2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar, auk hans eiga sæti í henni 2 af íbúum svæðisins, sem samþykktin nær yfir, 1 kosinn af hreppsnefndinni og 1 kosinn af sýslunefndinni til þriggja ára í senn. Formaður kveður til fundar, er honum þykir þessa þurfa, eða hinir nefndarmennirnir óska þess, eða hjeraðslæknir krefst þess. Nefndin skal halda fundarbók, og innfæra í hana allar at-
huganir. Nefndin skiftir störfum með sjer, eftir því sem henni þykir best henta. Hjeraðslæknir á heiming á að sitja á nefndarfundi, þegar hann æskir þess.